

STIKLUR

um alþjóðamál

WWW.STIKLUR.IS • 22. FEB. 2007 • 4. ÁRG. • WWW.UTANRIKISRADUNEYTI.D.IS



FAO ráðstefna um alþjóðaviðskipti með fisk

Dagana 1. og 2. febrúar var haldin á Akureyri ráðstefna undir yfyrskriftinni „Alþjóðaviðskipti með sjávarafurðir: áskoranir og tækifæri“. Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, flutti ávarp við opnun ráðstefnunnar og ræddi m.a. mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslendinga og framlag FAO til þróunar á alþjóðlegum stöðlum um sjálfbærar veiðar og ábyrg fiskviðskipti. Sagði hún einnig, að Háskólinn á Akureyri hefði alla burði til að verða alþjóðleg miðstöð fyrir þekkingarmiðlun í fiskviðskiptum. Frum-mælendur á ráðstefnunni komu frá FAO, Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandinu, Írlandi, Tansaníu Danmörku og Bandaríkjunum og íslensku fyrirtækjunum Marel, Samherja og Glitni. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra flutti lokaorð á ráðstefnunni og lagði m.a. áherslu á þörf fyrir frjálsari verslun með fiskafurðir.

Fjallað var um þær miklu breytingar sem orðið hafa á viðskiptum með sjávarafurðir síðustu ár, en verðmæti þeirra er nú metið á um 400 milljarða USD. Kínverjar hafa á fáum árum orðið leiðandi í inn- og útflutningi á fiski og helstu framleiðendur eldisfiskjar. Ýmsar nýjar aðstæður og vandamál hafa skapst með aukinni vigt eldisfiskjar í þessum viðskiptum, t.d. hvað varðar heilbrigði vörunnar og eftirlit með umhverfisþáttum. Kalla þessar aðstæður á aukna samvinnu hins opinbera og einkageirans og á gagnsæjar viðmiðunarreglur um ýmsa þætti fiskviðskipta.

Viðskipti með sjávarafurðir eru reglulega til umfjöllunar hjá FAO og gerðu fulltrúar stofnunarinnar m. a. grein fyrir stöðunni í þessum viðskiptum, aðkomu FAO sem þekkingarbanka að umræðunni um ríkisstyrki í sjávarútvegi, og stöðu umræðunnar innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Rætt var um tilkomu umhverfismerkinga sem gott vopn gegn baráttu ýmssa félagasamtaka til að fá neytendur til að sniðganga vörur á hæpnum forsendum auk þess að geta orði að liði í baráttunni gegn ólöglegum veiðum (IUU).

Mikilvægur þáttur í umræðunum á ráðstefnunni var hlutur þróunarríkjanna í viðskiptunum, en þau flytja út um helmings þess fiskjar, sem fluttur er út í heiminum. Ráðstefnuþátttakendur frá Kenýa og Tanzaníu ræddu sérstakar aðstæður þróunarríkjanna, og nefndu þeir einkanlega erfiðleika og mikinn kostnað við að koma til móts við nýjar og breytilegar kröfur ESB, til dæmis um heilbrigðiseftirlit. Ráðstefnan var gagnlegt og upplýsandi innlegg í þessa umræðu, ekki síst með tilliti til fundar fiskinefndar FAO, sem haldinn verður í mars nk. Ljóst er, að viðskipti með fisk fara ört vaxandi, samhliða aukinni þýðingu þeirra fyrir fæðuöryggið í heiminum. Er því mikil nauðsyn á lifandi umræðu með aðkomu hagsmunaaðila úr ýmsum áttum. FAO hefur um langt skeið verið helsti þekkingarbanki á þessu sviði, og telja íslensk stjórnvöld stofnunina vera rétta vettvanginn fyrir umræður um þau sjávarútvegsmál, sem hafa hnattræna vídd.

Ráðstefnan var haldin af Háskólanum á Akureyri með stuðningi utanríkisráðuneytisins, Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar í Róm (FAO) og fleiri aðila.

Málþing um þróunarsamvinnu

Utanríkisráðherra hefur ákveðið að lög um þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) verði endurskoðuð og kannað hvort þörf sé á breyttu skipulagi þróunarsamvinnu Íslands. Á meðal álitaeftna sem skoðuð verða eru kostir og gallar núverandi lagaramma ÞSSÍ svo og fyrirkomulag þróunarsamvinnu Íslands, bæði tvíhliða og á fjölþjóðlegum grundvelli.

Í því skyni að ná fram sem flestum hugmyndum og skoðunum þeirra sem starfa að málaflöknum, efndi utanríkisráðuneytið til málþings þann 17. janúar síðastliðinn.

Til málþingsins var boðið sérfræðingum og fræðimönnum um þróunarmál sem og fulltrúum viðskiptalífsins og samtaka sem starfa að mannúðar- og þróunarmálum á Íslandi. Þátttaka á málþinginu var með afburðum góð og að loknu ávarpi utanríkisráðherra voru flutt erindi um þróunarsamvinnu Íslands, starfsemi ÞSSÍ, straua og stefnur í alþjóða-þróunarsamvinnu, heilbrigðismál og þróun. Einnig var farið yfir reynslu Norðmanna af nýlegum skipulagsbreytingum á sviði þróunarsamvinnu. Norðmenn eru eitt fárra ríkja sem náð hafa markmiði Sameinuðu þjóðanna frá 1970 um að veita 0,7% af vergri landsframleiðslu til þróunarsamvinnu. Lögðu erindin línuna fyrir umræður í smærri hópum eftir hádegishlé þar sem tveimur spurningum var varpað fram, annars vegar um löggjöfina sjálfa og hins vegar skipulagið. Málþinginu lauk með því að umræður vinnuhópanna voru kynntar og ræddar í pallborði.

>>

Málþingið var mikilvægur áfangi í fyrrnefndri endurskoðun og mun sú vinna halda áfram innan utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Markmiðið er að færa þróunarsamvinnu Íslands til nútímahorfs og auka skilvirkni samstarfsins með þarfir og hagsmuni þeirra sem njóta aðstoðarinnar að leiðarljósi.



Frá pallborðsumræðum. f.v.: Þórður Bjarni Guðjónsson, Engilbert Guðmundsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Þorsteinn Ingólfsson, Helga Þórólfsdóttir Ólafur Egilsson og Tumi Tómasson.

Þróunarsamvinna er ein af grunnstoðum íslenskrar utanríkisstefnu og fara opinber framlög til málaflokksins vaxandi í takt við alþjóðalegar skuldbindingar og ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 2004. Gert er ráð fyrir að heildarframlög þessa árs nemi um 3,2 milljörðum króna, sem svarar til 0,28% landsframléiðslunnar og að árið 2009 verði hlutfallið komið upp í 0,35% af vergri landsframléiðslu.

Áhugi og þekking á þróunarsamvinnumálum hefur aukist mikið á undanförunum árum og eru fjölmargir sem láta til sín taka, frjáls félagasamtök, einkageirinn, verkafélög, háskólanir svo dæmi séu tekin. Þessa vitundarvakningu má til dæmis merkja með jákvæðum viðbrögðum almennings þegar þróunarmál bera á góma og aukinni umfangi um þróunarmál í fjölmiðlum. Á vefsetri utanríkisráðuneytisins, www.utanrikisraduneyti.is, er hægt að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um löggjöf og skipulag þróunarsamvinnu Íslands.

Friðaruppbygginganefnd S.þ.

Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá S.þ., flutti ávarp á sérstökum fundi allsherjarþingsins sem tileinkaður var starfsemi friðaruppbyggingarnefndar S.þ., sem sett var á fót á síðasta ári.

Í ávarpinu kom fram að ríkisstjórn Íslands bindur miklar vonir við starf friðaruppbyggingarnefndarinnar og hefur sýnt stuðning sinn í verki með því að veita eina milljón dollara í sjóð nefndarinnar. Áhersla var lögð á að tryggja þurfi að nefndin sýni sveigjanleika, starf hennar verði árangursmiðað og taki mið af aðstæðum á hverjum stað. Einnig kom fram að stofnun friðaruppbyggingarnefndarinnar og sjóðsins væri lykillaustur í umbótarferli S.þ. og að það ætti að verða þungamiðjan í starfi samtakanna að styðja við uppbyggingu stríðshráðra svæða.

Þá var fjallað um mikilvægi þess að friðaruppbyggingarnefndin hefði náð samstarf við öryggisráðið, allsherjarþingið og efnahags- og félagsmálaráðið. (ECOSOC) til að auka skilvirkni og draga úr hættu á skörun og tvíverkanði.

Ráðstefna í Osló um klasaspengjur

Norðmenn standa fyrir ráðstefnu um klasaspengjur sem haldin er í Osló dagana 21. til 23. febrúar. Markmið ráðstefnunnar er að undirbúa gerð alþjóðlegs samnings um bann við notkun, sölu og framleiðslu á klasaspengjum. Áhugi fyrir ráðstefnunni er mjög mikill, bæði meðal ríkja og frjálsra félagasamtaka. Tæplega 50 ríki taka þátt í ráðstefnunni, þar á meðal Ísland, sem er u.þ.b. tvöfalt fleiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Mörg ríki og félagasamtök hafa lengi barist gegn notkun klasaspengja, sem bitna hvað verst á óbreyttum borgurum, sérstaklega á börnum. Málið var til umræðu á ráðstefnu Alþjóðasamnings um hefðbundin vopn (CCW) í Genf sl. nóvember. Þar talaði Svíþjóð fyrir hönd 25 ríkja um að hefja skyldi undirbúning alþjóðasamnings gegn klasaspengjum. Tillagan fékkst ekki samþykkt, aðallega vegna andstöðu ríkja sem framleiða og nota klasaspengjur. Tilkyntu þá Norðmenn að þeir myndu boða til slíkrar ráðstefnu í samvinnu við Rauða krossinn.

Stefnt er að því að samningurinn kveði á um bann við notkun, framleiðslu og sölu á klasaspengjum og feli einnig í sér aðgerðir sem miða að því að veita fórnarlömbum klasaspengja aðstoð og áætlanir um hreinsun á svæðum þar sem klasaspengjur er að finna.

Klasaspengjur hafa verið notaðar í ríflega fjóra áratugi í 23 löndum. Yfir 70 ríki eiga klasaspengjur og 34 ríki framleiða slík vopn.